

Fyrirlesarar í leiðtogapjálfun III



Ásgeir Pétursson

... og hinir

Ásgeir er menntaður félagsráðgjafi og starfar í dag með utangarðsfólki hjá Reykjavíkurborg. Áður starfaði hann á meðferðarheimilinu Stuðlum og í unglingasmiðjunni Stig. Undanfarin ár hefur hann séð um Gauraflokk í Vatnaskógi, sem er sumarbúðaflokkur fyrir drengi á aldrinum 10-12 ára með ADHD og skyldar raskanir. Ásgeir er mikill ævintýramaður og hefur mjög gaman af því að fara í ævintýraferðir bæði innanlands og utan. Einnig hefur hann gaman af hjólræðum, fjallgöngum og hlaupi.



Jón Ómar Gunnarsson

Gamla testamentið, á það við?

Séra Jón Ómar er guðfræðingur og prestur í Fella- og Hólakirkju en áður starfaði hann sem skólaprestur Kristilegu skólahreyfingarinnar. Jón Ómar hefur tekið þátt í starfi KFUM og KFUK í mörg ár og situr núna sem formaður stjórnar sumarbúðanna á Hólavatni. Hann hefur verið foringi og forstöðumaður í Vatnaskógi frá árinu 2003 og frá árinu 2015 á Hólavatni en auk þess hefur hann komið að ýmsum verkefnum fyrir KFUM og KFUK. Jón Ómar er mikill hómoristi og sérlegur kaffiáhugamaður en að undanskildu kaffinu þá eru hans helstu áhugamál fjölskyldan, golf, crossfit og skiði.



Sabína Steinunn Halldórsdóttir

Félagsmálafræðsla

Sabína Steinunn Halldórsdóttir, M.ed. Íþrótt- og heilsufræðingur. Hún hefur starfað sem verkefnastjóri hjá UMFÍ frá vori 2012. Samhliða því rekur hún lítið fyrirtæki sem heitir Færni til framtíðar og sérhæfir sig í hreyfingu barna úti í náttúrunni. Hún hefur gefið út tvær bækur tengdar fyrirtækinu, *Handbók um örvun hreyfifærni barna úti í nánasta umhverfi* og *Leikgleði 50 leikir fyrir yngsta-, mið- og unglingastig*. Einnig hefur hún unnið mikið fyrir Embætti Landlæknis á Íslandi og í Noregi.

Sabína hefur sérstakan áhuga á öllu sem tengist útiveru á einn eða annan máta. Almenn útivist, íþróttir, náttúra, ljósmyndun, ferðalög og fleira og fleira er það sem heillar hana að ógleymdri mannræktinni.



Unnur Ýr Kristinsdóttir

Viðburðir

Unnur Ýr er menntaður tómstunda- og félagsmálafræðingur en einnig bætti hún við sig gráðu í verkefnastjórnun frá Lancaster University. Unnur Ýr starfar nú sem verkefnastjóri æskulýðsstarfs KFUM og KFUK. Hún hefur mikla reynslu af starfi með börnum og unglingum og hefur starfað bæði í Vindáshlíð og Vatnaskógi. Unnur Ýr er einstaklega jákvæð, mikill stuðbolti og gleðigjafi. Áhugamál hennar eru fjölskyldan, vinirnir og að borða góðan mat en hún hefur einnig gaman af því að rækta sjálfa sig og að ferðast.



KFUM og KFUK á Íslandi
Holtavegi 28 Reykjavík
Sími 588 8899



Leiðtogapjálfun III

- fyrir lengra komna

Vindáshlíð 21.–23. september 2018

Leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK fyrir 15–17 ára

Leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK fyrir 15-17 ára byggist á tveimur sjálfstæðum helgarnámskeiðum á vetri. Á milli námskeiða fá þátttakendur verklega þjálfun á vettvangi starfsins. Næsta námskeið verður haldið í Vindáshlíð dagana 21.–23. september 2018.

Í Vindáshlíð verða tvö námskeið samtímis. Annars vegar fyrir þá sem eru að stíga sín fyrstu skref í leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK og hins vegar fyrir lengra komna (þau sem tóku þátt í leiðtogaþjálfun veturinn 2017–2018).

Með leiðtogaþjálfuninni viljum við auka hæfni og efla sjálfstraust. Við viljum hjálpa ungu fólki að vera leiðtogar í eigin lífi og auka getu þeirra til að takast á við þau fjölmörgu tækifæri sem þeim bjóðast. Leiðtogaþjálfun KFUM og KFUK er hugsuð fyrir alla sem hafa áhuga á að starfa sem leiðtogar í æskulýðsstarfi KFUM og KFUK, bæði í sumar- og vetrarstarfi félagsins.

Hvað lærir maður?

Fræðslunni er skipt upp í fjóra efnisflokka og þess gætt að á hverju námskeiði sé eitthvað kennt úr hverjum flokki.

K = kristin fræðsla

F = félagsmálafræðsla

U = ungmennalýðræði

M = mannrækt

Skráning fer fram á skráningarsíðu KFUM og KFUK, www.sumarfjor.is, undir flokknum Vetrarstarf KFUM og KFUK. Opið er fyrir skráningu frá 15. ágúst 2018. Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu félagsins www.kfum.is eða hjá Hjördísi Rós verkefnastjóra í síma 588-8899 eða á hjordis@kfum.is.

Leiðtogaþjálfun III - fyrir lengra komna

D a g s k r á

Föstudagur 21. september

13:30	Brottför frá Akureyri
17:30	Brottför frá Holtavegi 28
18:30	Koma sér fyrir í Vindáshlíð
19:00	Kvöldmatur
19:30	Samhringingur og hópefli
20:30	Fræðsla 1 Besti liðsmaðurinn - M
22:30	Kvöldhressing
23:00	Frjáls tími
00:30	Arinstund
01:00	Ró

Laugardagur 22. september

08:30	Ræs
09:00	Morgunverður
09:30	Morgunstund - Jón Ómar Gunnarsson Gamla testamentið, á það við? - K
10:00	Fræðsla 2 - Sabína Steinunn Halldórsdóttir Félagsmálafræðsla - F
12:30	Hádegismatur
13:30	Fræðsla 3 - Unnur Ýr Kristinsdóttir Viðburðir og hugleiðingar
15:30	Kaffi
16:00	Leikjafjör

17:00	Fræðsla 4 - Ásgeir Pétursson ... og hinir - U
19:00	Kvöldmatur
20:00	Kvöldvaka
21:30	Kvöldhressing
22:00	Frjáls tími
00:30	Arinstund
01:00	Ró

Sunnudagur 23. september

09:30	Ræs
10:00	Morgunverður
10:30	Morgunstund
11:00	Ígrundun
12:00	Hádegismatur
12:30	Frágangur og þríf
13:30	Myndataka og brottför
14:30	Áætluð heimkoma á Holtaveg 28
19:30	Áætluð heimkoma á Akureyri